



Líkan af fiskimjölsverksmiðju sýnt á Iðnsýningunni.

Eftir lát Bjarna heitins stjórnaði Markús heitinn fyrirtækinu, en 1941 tók Sveinn Guðmundsson, tengdasonur Markúsar, við framkvæmdastjórn og hefur haft hana síðan.

Sveinn er ungur maður, aðeins fertugur að aldri og tók því þritugur við stjórn þessa mikla fyrirtækis. Hann lærði renni-smiði í Héðni og var einn af beztu nemendum sem ég hef haft í iðnskólanum í Reykjavík. Að námi loknu hér heima fór hann til Svíþjóðar til framhaldsnáms með tilstyrk smiðjunnar, og lauk þar prófi í vélfræði eftir 3 ára nám.

Eftir heimkomuna var hann ráðinn verkfræðingur fyrirtækisins og gegndi því starfi þangað til hann tók við framkvæmdastjórn þess.

Árið 1941 var fyrirtækið gert að hlutfélagi, og eru þrjár konur í stjórn þess, þær Jóhanna Þorsteinsson, ekkja Bjarna heitins, Kristín Andrésdóttir, ekkja Markúsar og Guðrún Markús dóttir, dóttir Markúsar. Mér vitanlega er ekki öðru stóru atvinnufyrirtæki hér á landi stjórnað af konum einum, og mega þær vel una, hve vel gengur.

Eins og að framan getur, var vélakostur Héðins lítill í byrjun, aðeins 5 vélar, en nú eru þær 192, þar á meðal einn stærsti og fullkomnasti rennibekkur, sem til er hér á landi.

Húsnæði smiðjunnar hefur tekið svipuðum breytingum. Smiðjan hafði um 60 m.² gólfhlöt 1922, en 20 árum síðar, 1942, var hann orðinn 489 m.². Nú er smiðjan flutt úr Aðalstræti 6 á Seljaveg 2. Var hafin þar bygging stórra verksmiðjuhúsa árið 1941, og nú hefur verksmiðjan til umráða 6580 m.² gólfhlöt.

Starfslið smiðjunnar voru tveir menn auk stofnendanna til að byrja með, en flest hefur starfsfólkið orðið 474 (1948). Samtals hefur vélsmiðjan greitt 51½ milljón króna í vinnulaun á þessum 30 árum.

Það yrði of langt mál hér að telja upp öll viðfangsefni smiðjunnar á þessum 30

Framleiðsla ammoniakventla.

